

ÍTR netfang

From: Umf. Fjölirnir - Guðmundur L Gunnarsson <gummi@fjolnir.is>
Sent: mánudagur, 31. janúar 2022 14:32
To: ÍTR netfang; Hjálmar Sveinsson; Ellen Jacqueline Calmon; Pawel Bartoszek; Líf Magneudóttir; Dagur B Eggertsson
Cc: Umf. Fjölirnir - Formaður; elin; Guðlaug Björk Karlsdóttir; Hreinn Ólafsson; hannajohanns; josep; olgabg; vala76@gmail.com
Subject: Fjölirnir - ÍTR Íþróttastarf í Vogabyggð og Ártúnshöfða
Attachments: doc00445620220131133352.pdf

Sæl,

Meðfylgjandi er bréf Ungmennafélagsins Fjölnis til ÍTR þar sem óskað er eftir eftirfarandi upplýsingum og helst fá fund með stjórn ÍTR til að ræða málin frekar áður en endanleg ákvörðun verður tekin í Borgarstjórn á morgun.

Okkur sýnist sem aðilar hafi ekki verið meðvitaðir um samning Fjölnis við Reykjavíkurborg og einnig óskum við eftir nánari skýringum á hvernig þættirnir sem Borgarráð setti fram 1. mars 2021(R21030001), deiliskipulag, aðgengi að nálægum svæðum, hagkvæmni og samnýting eru metnir.

Bréfið er sent á stjórn ÍTR, borgarstjóra og aðalstjórn Fjölnis og formann Íbúaráðs Grafarvogs.

Virðingarfyllst,

Með Fjölenskveðju,
Virðing – Heilbrigði – Samkennd - Metnaður

Guðmundur L Gunnarsson | Framkvæmdastjóri Fjölnis Fossaleyni 1 | 112 Reykjavík | Sími: 578 2700
gummi@fjolnir.is |

<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.fjolnir.is%2F&data=04%7C01%7Citr%40reykjavik.is%7C3bd93647e577472ca6fe08d9e4c684ba%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C637792363916025977%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Ikk1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C2000&data=4UcyLRWrpqkoG1yp%2BsCva2qyZeCC6hWRI6mkTV%2BypcU%3D&reserved=0>

Fjölirnir á FACEBOOK
#FélagiðOkkar

Reykjavíkurborg

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

31. janúar 2022

Berist til stjórnar ÍTR

Í framhaldi af ákvörðun Menningar-, Íþrótt- og Tómstundaráðs á fundi mánudaginn 24. janúar 2022 vill Fjölur óska eftir eftirfarandi upplýsingum og helst fá fund með stjórn ÍTR til að ræða málið frekar, áður en endanleg ákvörðun verður tekin í Borgarstjórn.

1. Fjölur er með samning um að þjónusta Grafarvog og nágrenni og að samkvæmt aðal- og hverfaskipulagi er Bryggjuhverfið og Höfðinn skilgreint þar eins og sést hér að neðan.
2. Tekið úr samningi Fjölnis og Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Ungmennafélagið Fjölur, kt. 631288-7589, Fossaleyni 1, 112 Reykjavík, (hér eftir nefnt Fjölur) gera með sér svohljóðandi

samning:

1. gr.

Markmið og starfssvæði

- 1.1. Meginmarkmið aðila samningsins er að tryggja eðlilega og nauðsynlega þjónustu við iðkendur íþróttar í Grafarvogi og nágrenni.
 - 1.2. Fjölur er þjónustuaðili og hverfisfélag fyrir íþróttastarfsemi í Grafarvogi.
 - 1.3. Í samningi þessum er kveðið á um skyldur Fjölnis og Reykjavíkurborgar.
3. Okkur þætti vænt um að fara betur yfir rökstuðning þessarar ákvörðunar, sérstaklega með hliðsjón af tillögu Borgarráðs frá 1. mars 2021.
 - a. Þar átti að rýna í deiliskipulag, en það er skýrt í aðal- og hverfaskipulagi að Bryggjuhverfið og Höfðinn tilheyrir Grafarvogi.
 - b. Hvernig var væntanleg íþróttastaða í hverfinu metin með hliðsjón af samnýtingu núverandi íþróttamannvirkja?
 - c. Hvernig voru aðgengismál fyrir iðkendur metin? Ef ekki á að byggja keppnisaðstöðu í nýju hverfi, er þá gert ráð fyrir að sú aðstaða verði alfarið byggð upp í Laugardal?
 - d. Hvernig voru félögin metin miðað við starfsemi þeirra í dag?
 - e. Hvernig var fjárhagsleg hlið Reykjavíkurborgar metin út frá uppbyggingu og rekstri á íþróttamannvirkjum?
 - f. Var hagkvæmnismat um uppbyggingu íþróttamannvirkja haft í hug í hugabegar ákvörðun er tekin ?
 - g. Hefði ekki farið betur á því, að upplýsa Fjölni, þegar ákvörðun er tekin um að taka hverfi af félaginu sem það hefur sinnt í rúm 20 ár og á að sinna í nokkur ár í viðbót?
 - h. Hefur eitthvað komið fram um, að þjónusta Fjölnis við íbúa Bryggjuhverfis og nágrennis hafi ekki verið í lagi?
 - i. Hvenær er áætlað að fyrsti skólinn taki til starfa ?

Fjöldnir er skilgreint sem hverfisfélag í Grafarvogi í samningi við Reykjavíkurborg.

Hér eru útdrættir úr aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 og hlekkir í það hér að neðan.

Hverfaskipulag – yfirlit eftir borgarlutum

[ar2040-stuttyfirlit.pdf \(reykjavik.is\)](#)



**AÐALSKIPULAG
REYKJAVÍKUR
2040**

**Sjálfbær, lífvænleg og
kolefnishlutlaus borg
Tillaga í auglýsingu**

Uppfærð áætlun sem byggir á þeirri sýn
og stefnumörkun sem samþykkt var með
AR2010–2030 og tók gildi í febrúar 2014.

Valdir þættir aðalskipulagsins hafa þó verið
endurskoðaðir, einkum þeir sem snúa að
stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð
á áhrifsvæði Borgarlínu innan vaxtarmarka
þettbýlis.

Sjá nánar lýsingu breytinga og forsendur í
kynningarskjalinu *Reykjavík 2040*

Grafarvogur:

27. Gufunes. Stækkun miðsvæðis og fjölgun íbúða
28. Nýir íbúðareitir við golfvöllinn við Korpu
29. Fjallkonuvegur 1. Nýr íbúðareitur

30. Keldur. Stækkun íbúðareits og skilgreining hverfiskjarna
31. Ártúnshöfði-Elliðaárvogur. Fjölgun íbúða og nánari stefna um uppbyggingu

Grafarvogur – borgarhluti 8

[08_grafarvogur.pdf \(reykjavik.is\)](#)

GRAFARVOGUR - BORGARHLUTI 8

Borgarhlutinn skiptist í nokkur gróin íbúðarverfi og atvinnusvæði, framtíðarbyggingsvæði og þróunarsvæði. Núverandi íbúðarverfi eru Hamrahverfi, Foldahverfi, Húsaðverfi, Rimahverfi, Borgarhverfi, Víkurhverfi og Staðarhverfi. Í Höfðahverfi eru mikilvæg atvinnusvæði með mikla þróunarmöguleika. Einkum er að vænta breytinga í vestríhluta Höfðahverfis og við Elliðaárvog. Þar er í framtíðinni gert ráð fyrir blandaðri byggð og allt að tveimur nýjum skólahverfum. Land Keldna og Keldnahöls eru framtíðar uppbyggingsvæði, einkum fyrir atvinnuhúsnæði en einnig íbúðir. Hugmyndum um blandaða byggð í Gufunesi er slegið á frest þar til að skipulagstímabili loknu og er því gert ráð fyrir iðnaðar- og athafnastarfsemi í Gufunesi framan af skipulagstímabilinu. Þróunarsinn Orfinsey Keldur liggur sjóðst í borgarhlutanum en þétting byggðar meðfram honum er eitt af meginmarkmiðum aðalskipulagsins.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir því að íbúðum innan núverandi skólahverfa geti fjölgað um 550 og í

borgarhlutanum í heild um 3.350.* Gert er ráð fyrir þremur nýjum grunnskólum í borgarhlutanum, miðað við fullbyggð svæði. Atvinnuhúsnæði geti stækkað um 70 þúsund m² á tímabilinu. Frekari uppbygging atvinnuhúsnæðis er möguleg að skipulagstímabilinu loknu.

Í hverfisskipulagi verða þéttingarmöguleikar kannaðir frekar en í aðalskipulaginu er aðeins sett bindandi stefna fyrir reiti sem gera ráð fyrir fleiri en 50 almennum íbúðum eða sambærilegri uppbyggingu.

Hér að neðan er að finna stefnumörkun fyrir helstu reiti og svæði í Grafarvoginum. Þróunarsvæðum er fyrst lýst og síðan fastmótaðari byggð og opnum svæðum.

*Miðað við skilgreind þróunarsvæði í aðalskipulagi. Smærri þróunarsvæði með fern en 50 íbúðum eða sambærilegri uppbyggingu verða mágulega skilgreind í hverfisskipulagi. Undirstikið er að hér er ekki endilega um þróunarsvæði í skilningi 6. mgr. 37. gr. skipulagslaga.

Þróunarsvæði:

P87 Elliðaárvogur-Ártúnshöfði. Íbúðarbyggð, miðsvæði (M4a) og svæði fyrir samfélagsþjónustu. Svæðið í heild er um 115 ha svæði, þar af 5 ha ný landfylling. Í Byggjuhverfinu eru fastmótað byggð en aðrir hlutar svæðisins verða í þróun og uppbyggingu. Einkum er gert ráð fyrir íbúðarbyggð næst Elliðaárvoginum og Grafarvog, en blöndu íbúða og skrifstofa, verslana, þjónustu og léttis iðnaðar á syðri hluta svæðisins og næst aðalgötum. Alls er gert ráð fyrir um 2.800 nýjum íbúðum og 100 þúsund m² atvinnuhúsnæðis (nettóaukning). Hluti aukningar atvinnuhúsnæðis er að skipulagstímabili loknu. Áhersla er á 2-5 hæða samfellda byggð og borgarmiðað gatnakerfi. Sjá nánar um uppbyggingu og þróun svæðis í kaflanum *Elliðaárvogur* (sjá *Borgin við Sundin*).

P88 Gufunes. Gert ráð fyrir starfsemi sem almennt fellur undir skilgreiningu athafna- og iðnaðarsvæða. Iðnaðarstarfsemi á svæðinu er víkjandi en gert er ráð fyrir

blandaðri byggð íbúða og þrífalegri atvinnustarfsemi á svæðinu í framtíðinni.

P89 Hálfar-Vogur. Miðsvæði (M4b). Fyrst og fremst gert ráð fyrir rýmifrekum verslunum, heildsölum og skrifstofum. Líttur íbúðar- og verkstaði eru leyfð. Að öllu jöfnu er ekki gert ráð fyrir gjastiheimilum eða hótélum nema það sé sérstaklega tilgreint í deiliskipulagi. Gera skal grein fyrir nýjum matvöruverslunum í deiliskipulagi. Áætluð aukning atvinnuhúsnæðis 70 þúsund m² (nettóaukning). Hluti aukningar atvinnuhúsnæðis er að skipulagstímabili loknu. Sjá nánar um uppbyggingu og þróun svæðis í kaflarum Borgin við Sundin, um þróunarsísan Órfitsey-Keldur

P90 Keldur. Miðsvæði (M4c) og íbúðarbyggð. Fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunum og skrifstofum á miðsvæðinu. Áætluð uppbygging atvinnuhúsnæðis 50 þúsund m². Hluti aukningar atvinnuhúsnæðis er að skipulagstímabili loknu. Á eflit hluta svæðisins er gert ráð

fyrir íbúðarbyggð, allt að 400 íbúðum.

P91 Keldnaholt. Miðsvæði (M4d). Fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunum og skrifstofum á miðsvæðinu. Ekki gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði, hótélum eða matvöruverslunum. Áætluð aukning atvinnuhúsnæðis 100 þúsund m². Stærsti hluti aukningar atvinnuhúsnæðis er að skipulagstímabili loknu.

P92/P93 Gyflaflöt. Athafnasvæði (AT3). Fyrst og fremst líttur íbúðar sem ekki hefur í fer með sér mengun, verkstaði, umboðs- og heildverslanir, skrifstofur, þjónusta og rýmifrek verslun, svo sem bílasölur. Matvöruverslun er ekki heimil á svæðinu. Áætluð aukning atvinnuhúsnæðis 30 þúsund m².

P94* Fossaleyfir-Egilshöll. Miðsvæði (M10). Á mynd hluta svæðisins er fyrst og fremst gert ráð fyrir starfsemi sem tengist íþróttaiðkun svo og ráðstefnum, sýningum og tónleikum. Einnig má gera ráð fyrir eftirfarandi starfsemi (flokkin vekingastaða er samkvæmt lögum nr. 67/1985 og

nr. 66/2000): a) kvikmyndahús, gistaðstaða, skrifstofum og þjónustu, þó ekki skemmtistaði, dansstaði eða nátturkúbbar; b) heilsurækt, sjúkráþjálfun, vetingahús, veltungastofur og kaflhús sem beinlínis eru í tengslum við starfsemi sem tengist íþróttaiðkun á svæðinu. Á syðri hluta svæðisins er gert ráð fyrir blandaðri starfsemi, einkum umboðs- og heildverslunum, rýmifrekum verslunum, skrifstofum og þjónustu. Matvöruverslanir og bensínstöðvar eru ekki heimilar. Áætluð aukning húsnæðis á svæðinu eru um 10 þúsund m².

P95 Spöngin. Miðsvæði (M11). Einkum verslun, þjónusta og önnur starfsemi sem þjónar hverfinu og borgarhlutanum með vörum til daglegrar notkunar, þjónustu afþreyingu og menningu. Íbúðir eru heimilar á svæðinu og er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í jafni svæðisins. Áætluð aukning atvinnuhúsnæðis er um 5 þúsund m² og fjölgun íbúða er áætluð um 150.

P96 Korputorg. Miðsvæði (M9). Einkum gert ráð

Grafarvogur	2010	2030	2010-2030
Byggð (ha)	779	847	68
Opin svæði (ha)	430	370	-60
Íbúðir	6.369	9.719	3.350
Íbúar (2,4 íbúð/íbúð 2030)	17.958	23.326	5.368
Þéttleiki (íbúðir/ha)	8,2	11,5	
Þéttleiki - nhl brúttó	0,18	0,21	19,3%
Opin svæði á íbúa (m ²)	239	159	
Atvinnuhúsnæði (m ²)	566.288	636.288	70.000
Stórf (70 m ² á starf 2030)	8.090	9.090	1.000
Atvinnuhúsnæði á íbúa	31,53	27,28	-13,5%
Fjöldi íbúða í skólahverfum (skóran við aðra borgarhluta):			
Hamrahverfi	536	536	0
Foldahverfi	1.138	1.138	0
Húshverfi	635	1.035	400
Rimahverfi	1.518	1.518	0
Borgarhverfi	508	658	150
Vikurhverfi	499	499	0
Engjahverfi	653	653	0
Staðahverfi	408	408	0
Eiðarvogur (2 skólahverfi)	343	3.143	2.800

Við höfum haft þessa mynd og aðalskipulag Reykjavíkur 2040 og samninginn við Reykjavíkurborg sem markmið fyrir uppbyggingu og þróun á innviðum Fjölnis til þjónustu við fólkið sem er fyrir og er væntanlegt á næstu árum.

Uppbygging mannvirkja á núverandi starfsstöðum og nýjum verður alltaf unnin í nánu samstarfi við Reykjavíkurborg eins og gefur að skilja. Fjölnir vill kappkosta að nýta íþróttamannvirki sín sem best og tryggja sem besta þjónustu við íbúana.

Við vonum svo sannarlega að við getum átt uppbyggilegt samtal um framtíð íþróttamála á þessu svæði og hlökkum til að heyra frá ykkur.



Jón Karl Ólafsson

Formaður

Reykjavík 31 janúar 2022



Guðmundur L. Gunnarsson

Framkvæmdastjóri

